3. fundur stjórnar Hestamannafélagsins Fáks 2026 - 2027
26. maí 2026 kl. 17:00
Guðmundarstofa

Mættir: Hlíf Sturludóttir (HS), Ragnheiður Ásta Sigurðardóttir (RÁS), Ívar Hauksson (ÍH), Árni Reynir Alfreðsson (ÁRA), Eva Kærnested (EK), Brynja Kristín Magnúsdóttir (BKM), og Einar Gíslason (EG).

Fjarverandi: Arnar Máni Sigurjónsson (AMS).

1. Samþykkt fundargerðar síðasta fundar

Fundargerð síðasta stjórnarfundar var samþykkt samhljóða.

2. Fyrirmyndarfélag - afhending viðurkenningar

ÍSÍ mun veita Fáki viðurkenninguna sem fyrirmyndarfélag ÍSÍ á sunnudeginum 7. júní á Reykjavíkurmeistaramóti. Willum Þór Þórsson mun veita formanni viðurkenninguna fyrir A-úrslit í tölti T1.

17:15	A-úrslit tölt T3 1. flokkur
17:35	A-úrslit tölt T1 ungmennaflokkur
18:05	Fyrirmyndarfélag ÍSÍ
18:15	A-úrslit tölt T1 meistaraflokkur
18:45	Dagskrárlok

3. Viðrunarhólf

Hólfum hefur verið úthlutað og fengu allir sem sóttu um í fyrsta kasti. Einhverjir hafa sótt um eftir úthlutun og verður þeim úthlutað eftir því sem hólfin losna.

Í haust verður úthlutanarkerfi endurskoðað og horft til þess að þeir aðilar sem stunda tamningar og þjálfun yfir sumarið fái forgang að hólfum í dalnum.

4. Reiðleið um golfvöll á Korpúlfstöðum

HS, Dagný Bjarnadóttir og Gunnlaugur Briem fóru að Korpúlsstöðum og hittu vallarstjóra GR í síðustu viku. Þau fóru yfir stikaða reiðleið um svæðið og gerðu töluverðar breytingar frá þeirri leið sem hafði verið stikuð. HS sendi stjórnendum GR í kjölfarið tölvupóst þar sem krafist var að u.þ.b. 20 cm malarlag yrði lagt yfir reiðleiðina svo hún væri fær hestum allt árið og væðist ekki út. Þá hefur GR haldið áfram að malbika reiðvegi á svæðinu án reiðleiðar í kantinum eins og gerðar voru kröfur um í upphafi, þrátt fyrir mótmæli Fáks.

HS hefur jafnframt sent Harðarmönnum tölvupóst þar sem frekari aðkoma reiðveganefndar Harðar að málinu var afþökkuð.

GR hefur svarað því til að fljótlega verði tekin afstaða til krafna Fáks.

5. **Undirbúningur fyrir Landsmót - æskulýðsnefnd**
    a. **Undirbúningur fyrir Landsmót**
        i. Æskulýðsnefnd fundaði fyrir um hálfum mánuði og fór yfir undirbúning fyrir Landsmót fyrir krakkana. Fyrirhugað er að halda hópefli seinnipartinn í júní.
    b. **Pláss fyrir norðan**
        i. Verið er að fara yfir þau pláss sem félagið var búið að útvega og eru þau um 15. Verið er að kanna hvort hægt sé að finna fleiri pláss.

6. **Reykjavíkurmeistaramót**

816 skráningar eru á mótið og verður það frá mánudegi til sunnudags. Hilda Karen er mótsstjóri og er að setja saman dagskrá mótsins.

7. **Þjónusta með hestum - vinnustofa**

HS sótti ráðstefnu á Hólum í Hjaltadal þann 15. og 16.. maí síðastliðinn þar sem sjónum var beint að dýrastuddri nálgun í heilbrigðis-, mennta- og félagsþjónustu, með sérstakri áherslu á hesta. Ráðstefnan var einkar fróðleg og hefur HS hug á því að halda vinnustofu í haust með áhugasömum aðilum í félaginu um hvernig Fákur geti búið til umgjörð um þetta starf.

8. **Bókhald**

Bókari félagsins til síðustu 6 ára hefur tilkynnt um breytingar á sínum högum og ætlar að hætta að færa bókhald fyrir félagið í haust. HS og bókari munu leita að nýjum bókara með góða þekkingu á bókhaldskerfi félagsins.

9. **Önnur mál**

    a. **Miðnæturreið í Gjárétt** næstkomandi föstudag og verður haldin með hefðbundnum. hætti. Auglýst verður eftir sjálfboðaliðum til að ferja vistir og grilla pulsur á staðnum.

    b. **Fræðslustarf**

    Umræður voru um fræðslustarf félagsins og þörf á fræðslunefnd. Umræður um námskeiðahald fyrir næsta vetur.

Fundi var slitið kl. 18:15.